



18. fundur stjórnar LH 2024-2026

14. maí 2025 kl. 20:00

Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Ólafur Þórisson, Sóley Margeirsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Mætt úr varastjórn: Sigurbjörn Eiríksson, Ragnhildur Gísladóttir, Hilmar Guðmannsson, Jón Þorberg Steindórsson.

Forföll boðar: Reynir Atli Jónsson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Fundir með forseta FEIF - Ólafur Gunnarsson og Ólafur Þórisson

Gundula Sharman, forseti FEIF, er stödd á Íslandi og fundar með ýmsum hagsmunaaðilum í hestamenskunni. Tveir stjórnarmenn úr LH fóru með henni á fundi í landbúnaðarráðuneytinu, BÍ og RML. Rætt var m.a. um leiðandi hlutverk FEIF í íslandshestamenskun á heimsvísu og horft til þess hvað er verið að gera hér á Íslandi, stöðu og þróun Worldfengs ásamt dýravelferð.

Ólafur Gunnarsson vikur af fundi

3. Íþróttabíng

Farið yfir kynningar á frambjóðendum til forseta ÍSÍ og tillögur sem liggja fyrir þinginu.

4. Útflutningur á sæði

Mikil umræða er meðal hestamanna um fyrirhugaðan útflutning á sæði og skiptar skoðanir um málið. Samþykkt að fá fulltrúa LH í fagráði á fund til að fá upplýsingar um hver staða málsins er innan fagráðs.

5. Vefsíðan - staða

Síðan verður kynnt opinberlega um næstu mánaðamót.

6. Leiðbeiningar um aðbúnað á sæðingastöðvum - til bókunar

Samstarfshópur á vegum Matvælastofnunar, Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins, Lands og skóga, Landssambands hestamannafélaga og Deildar hrossabænda hjá Bændasamtökum Íslands hefur gefið út nýjar leiðbeinandi reglur fyrir aðbúnað hryssna á sæðingastöðvum.

Leiðbeiningarnar sem lagðar eru til byggja á reynslu undangenginna ára, sem bæði þeir sem veita þessa þjónustu og nota hana, geta haft til hliðsjónar.

7. Önnur mál



- a. Samstarf Casco-hjálma og LH er 20 ára um þessar mundir, í því tilefni hefur Casco hannað sérstaka afmælisútgáfu af lansliðshjálmi ársins.

Fundi slitiði kl. 21.25.